

14 að full sönnun sé fengin fyrir öllum tildrögum og aðstæðum við björgunina.  $\frac{2}{5}$  vaxtanna skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur. Eftir það má verja  $\frac{1}{10}$  vaxtanna samkvæmt framansögðu.

## 7. gr.

Úthlutun verðlauna úr sjóði þessum sé á valdi þriggja manna nefndar, er þessir menn skipa:

1. Forseti Slysavarnafélags Íslands.
2. Vígslubiskup Hólabiskupsdæmis.
3. Útibússtjóri Landsbanka Íslands, Akureyri.

Ef svo færi að eitthvert þessara embætta eða starfa legðist niður eða breyttist verulega frá því, sem nú er, skal leitað úrskurðar dómsmálaráðherra Íslands um skipun þessarar nefndar. En ætíð skal hafa í huga það markmið, er skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

## 8. gr.

Nú eru verðlaun veitt úr sjóðnum samkvæmt framansögðu, og skulu þau að öðru jöfnu veitt fyrir björgunarafrek, unnin á Norðurlandi. Að öðru leyti er það á valdi téðrar úthlutunarnefndar hversu oft verður úthlutað verðlaunum úr sjóðnum og hversu háum hverju sinni, innan þeirra takmarka, sem felast í 6. gr.

## 9. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á móti gjöfum og fjárframlögum af öðrum, og er það von stofnanda hans, að einstaklingar og félag, sem unna slysavarnamálum — einkum á Norðurlandi — telji tilgang sjóðsins þess verðan, að hann sé efldur með fjárframlögum stærri eða minni, eftir vilja og getu hvers eins. Þau fjárframlög, sem á þann hátt kynnu að berast sjóðnum, verða þó því aðeins þegin, að þau á engan hátt breyti tilgangi og markmiði sjóðsins, samkvæmt því sem að ofan greinir í skipulagsskrá þessari.

15

## AUGLÝSING

29. jan.

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

## 1. gr.

Í stað orðanna „kl. 10 og kl. 12“ í 20. gr. í lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar 31. marz 1928, komi: kl. 8 og kl. 10.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1951.

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*